

Miðvikudaginn 12. febrúar 1992.

Nr. 474/1991. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Jóhannesi Þór Hilmarssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Ökuhraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 5. nóvember 1991. Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en ákærði fer fram á mildun refsingar.

Með ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík 31. ágúst 1990 var ákærði sviptur ökuréttindum til bráðabirgða samkvæmt 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 vegna aksturs á bifhjóli á ólöglegum hraða. Mótmælti hann hraðamælingu lögreglunnar, en gerði ekki reka að því að krefjast dómsúrskurðar um sviptinguna. Málið var sent sakadómi Reykjavíkur, þar sem því var lokið með dómsátt 1. október 1990. Var ákvörðun lögreglustjóra þar staðfest og sviptingartími tiltekinn einn mánuður frá 31. ágúst, auk þess sem ákærði gekkst undir sekt. Hafði hann þá þegar verið staðinn að þeim akstri, sem mál þetta tekur til, hinn 27. september 1990.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakfellingu ákærða vegna brota hans og færslu þeirra til refsíákvæða.

Ákvæði umferðarlaga nr. 50/1987 um refsingar kveða ekki á um ítrekunaráhrif af brotum. Tilvísun héraðsdómara til 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 varðandi refsingu ákærða á því ekki við.

Eins og rakið er í héraðsdómi, hefur ákærði, sem er 27 ára að aldri, alloft orðið sekur um brot gegn ákvæðum umferðarlaga um ökuhraða og sætt réttindasviptingu þeirra vegna svo og vegna aksturs undir áhrifum áfengis. Jafnframt hefur hann áður verið staðinn að akstri sviptur ökuréttindum, alls fjórum sinnum, og

leiddi síðasta brotið til varðhaldsrefsingar, sem hann afplánaði haustið 1991.

Refsingu ákærða í máli þessu ber að ákveða sem hegningarauka við fyrrgreinda dómsátt í sakadómi Reykjavíkur samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun hennar ber að líta til sakaferils ákærða, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. sömu laga. Að öllu athuguðu telst refsingin hæfilega ákveðin varðhald 60 daga.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað í héraði.

Áfrýjandi greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhannes Þór Hilmarsson, sæti varðhaldi 60 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 4. janúar 1991.

Ár 1991, föstudaginn 4. janúar, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er á skrifstofu dómsins, Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Höllu Bachmann Ólafsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2675/90: Ákærvaldið gegn Jóhannesi Þór Hilmarssyni, sem tekið var til dóms 19. desember sl.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 5. desember 1990, gegn ákærða, Jóhannesi Þór Hilmarssyni verkamanni, til heimilis að Krókahrauni 4, Hafnarfirði, kt. 210464-5309, fæddum í Kópavogi, „fyrir að aka eftirgreindum bifreiðum fimmtudaginn 27. september 1990, sviptur ökuréttindum, úr Kópavogi til Reykjavíkur, svo sem hér segir:

- 1) Um kl. 16.40 bifreiðinni R-54046, en lögreglan stöðvaði akstur hans á Lönguhlíð.
- 2) Um kl. 20.20 bifreiðinni Y-14091, en lögreglan stöðvaði akstur hans á Grettisgötu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar”.

— — —

Niðurstöður.

Með játningum ákærða, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, þykir vera sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem hann er ákærður fyrir. Varða brot hans við 1. mgr. 48. gr. laga nr. 50, 1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

[Í sakav. eru tilgreindir tveir refsidómar og níu dómsáttir, allt vegna umferðarbrot, þ. á m. sátt 1. okt. 1990, en þá sættist ákærði á sviptingu ökuleyfis einn mánuð frá 31. ágúst 1990 að telja.]

Refsing ákærða.

Dómsáttin frá 28. maí 1986 og dómsáttin frá 13. mars 1987 ásamt dómi frá 24. september 1990 hafa ítrekunaráhrif samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga á brot ákærða, sem hér er fjallað um, og verður honum dæmd refsing með tilliti til þess.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga 75 daga varðhald, en dómurinn er hegningarauki við dómsátt sakadóms Reykjavíkur frá 1. október sl.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhannes Þór Hilmarsson, sæti varðhaldi 75 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.
